

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Mánudaginn 30. október 2006 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 11⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Daggæslumál

Fyrir fundinum lágu reglur um niðurgreiðslu á daggæslu í heimahúsum ásamt tillögu um mánaðarlegar greiðslur vegna daggæslu í Höfðahreppi.

Hreppsnefnd fór yfir og ræddi reglurnar og tillögu um greiðslur.

Samþykkt að grunnfjárhæð niðurgreiðslu skuli verða 2500 kr/mán./daggæslustund og 25% hærra til einstæðra foreldra. Samþykkt að fela formanni fræðslunefndar og sveitarstjóra að vinna endurskoðun á reglum um niðurgreiðslurnar í samræmi við umræður á fundinum.

2. Tillaga um afslátt af gatnagerðagjöldum.

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga:

Hreppsnefnd Höfðahrepps samþykkir að auglýsa sérstaklega byggingarlóðir við þegar tilbúnar götur þannig að veittur verði afsláttur allra gatnagerðagjalda vegna bygginga á lóðunum.

Hreppsnefnd samþykkir jafnframt að eftirfarandi ákvæði gildi um úthlutun allt að fjögurra íbúðarhúsalóða sem afslátturinn muni ná til:

- *Lóðirnar sem um ræðir verða skilgreindar á lista sem hreppsnefnd samþykkir.*
- *Umsóknir um lóðirnar skulu berast eigi síðar en 31. desember 2006 en umsóknir sem berast á umsóknarfresti verða afgreiddar af skipulags- og byggingarnefnd eftir því sem efni standa til og gildir röð umsókna um nýtingu fyrrgreinds afsláttar.*
- *Við úthlutun lóðanna skulu gilda ákvæði um að byggingarframkvæmdir skuli vera hafnar innan árs frá úthlutun og að byggingar skuli hafa hlotið fokheldisvottorð innan tveggja ára, að öðrum kosti fellur niður ákvæði um afslátt gatnagerðagjalda*

Tillagan var samþykkt.

3. Bréf:

a) *Eignarhaldsfélags BÍ, dags. 26. okt. 2006.*

Í bréfinu er greint frá því að ágóðahlutagreiðslur EBÍ sem var 450 milljónir á árinu 2006 muni á næstu árum ekki verða meira en 200-300 milljónir.

Bréfið var til kynningar.

b) *Stígamóta, dags. 19. okt 2006.*

Með bréfinu er starfsemi Stígamóta kynnt og jafnframt leitað stuðnings við starfsemina. Sveitarstjórn taldi sig ekki geta orðið við erindi um stuðning.

c) Foreldra grunnskólabarna, dags. í okt 2006.

Bréfið ber yfirskriftina “undirskriftasöfnun” og er undirritað af 53 foreldrum grunnskólabarna á Skagaströnd. Með bréfinu er óskað eftir að úrbætur verði gerðar á gæslu í búningasklefum í íþróttahúsinu.

Hreppsnefnd ræddi erindi bréfsins en vísaði því til skólastjóra, formanns fræðslunefndar og sveitarstjóra að leita lausnar á málinu.

d) Styrktarsjóðs EBÍ, dags. 18. okt. 2006.

Með bréfinu tilkynnir styrktarsjóður EBÍ um 300 þús. kr. styrkveitingu úr sjóðnum til að auka aðgengi og upplýsingar um fólkvanginn Spákonufellshöfða. Stykurinn er veittur vegna umsóknar frá hreppsnefnd Höfðahrepps dags. 16. ágúst sl. Bréfið var til kynningar.

e) Samráðshóps um nýtt álagningakerfi fasteignagjalda, dags. 13. okt. 2006.

Í bréfinu eru kynntir nýir möguleikar til að framkvæma sjálfvirkan útreikning afsláttar af fasteignasköttum vegna elli- og örorkulífeyrisþega. Vakin er athygli á að með tengingu við skrár Ríkisskattstjóra verði mögulegt að framkvæma sjálfvirkan útreikning á afslætti fasteignaskatta til elli- og örorkulífeyrisþega. Bréfið var til kynningar.

4. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar, 23. okt. 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

b) Atvinnu- og ferðamálanefndar, dags. 25. okt. 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

c) Skipulags- og byggingarnefndar, dags. 16. okt. 2006.

Fundargerðin var samþykkt.

d) Stjórnar SSNV, dags. 24. ágúst 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

e) Stjórnar SSNV, dags. 10. ágúst 2006.

Fundargerðin var til kynningar.

f) 14. ársþings SSNV, dags. 25.-26. ágúst 2006.

Fundargerðin var til kynningar

5. Önnur mál

a) Hreppsnefnd tók akstur innanbæjar til umfjöllunar og var samþykkt að fela sveitarstjóra að hafa samband við lögreglu og óska eftir því að tekið verði á þeim vítaverða akstursmáta sem nokkrir ökumenn hafa verið að sýna af sér. Bæði var rætt um að settar verði upp eftirlitsmyndavélar og almennt eftirlit lögreglu aukið. Fram

**Hreppsnefnd Höfðahrepps
Fundargerðir**

kom að hreppsnefnd taldi vítaverðan akstur innanbæjar geta varðað mjög við öryggi íbúanna.

b) Sigríður spurðist fyrir hönnun sundlaugarbyggingar. Umræður urðu um stöðu á hönnun sundlaugar og ákveðið að ítreka gagnaskil frá hönnuði en einnig að taka saman upplýsingar um þá vinnu sem fram hefur farið til undirbúnings hönnunar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 14¹⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)